

Til atvinnu- og nýsköpunarnefndar Stykkishólmsbæjar

Frá formanni nefndarinnar

Áform ríkisstjórnarinnar um aukna áherslu á opinber störf án staðsetningar

Í þeim hluta stefnuyfirlýsingar núverandi ríkisstjórnar sem fjallar um byggðamál segir m.a.:

„Skoðaðir verða kostir þess að nýta námslánakerfið og önnur kerfi sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum. Ráðuneytum og stofnunum verður falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er.“

Á fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar, dags. 20 apríl 2020, var formanni nefndarinnar falið að kanna hjá ráðuneytum hvort þau hafi mótað tillögur varðandi framangreint ákvæði.

Lausleg athugun hefur leitt í ljós að ekki hefur verið útfærð samræmd skilgreining stjórnvalda á „opinberum störfum án staðsetningar“. Engu að síður hafa nokkur ráðuneyti auglýst störf án staðsetningar og dæmi er um að til þeirra starfa hafa verið ráðnir starfsmenn búsettir utan höfuðborgarsvæðisins og hefur búsetan í engu háð vinnu viðkomandi.

Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2014¹, undir lið *B7 Störf án staðsetningar* í aðgerðaráætlun, kemur fram að markmiðið sé að „10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum. Ráðuneyti og stofnanir skilgreini störf sem geta verið án sérstakrar staðsetningar þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki. Þegar slíkt starf er auglýst skal vakin athygli á að um starf án staðsetningar sé að ræða. Verði starfsmaður ráðinn sem býr utan daglegrar vinnusóknar frá viðkomandi ráðuneyti/stofnun leitist vinnuveitandi við að finna viðunandi starfsaðstöðu nærri heimili. Fyrir árslok 2019 skal hvert ráðuneyti hafa skilgreint hvaða störf verður hægt að vinna utan ráðuneytis. Fyrir árslok 2021 skulu 5% auglýstra starfa vera án staðsetningar og í árslok 2024 skulu 10% auglýstra starfa vera án staðsetningar. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda starfa í einstökum ráðuneytum og stofnunum sem eru unnin utan veggja þeirra borið saman við 1. janúar 2018.“

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gaf út í nóvember 2019 skýrsluna *Efling starfsemi stofnana sjávarútvegs og landbúnaðar á landsbyggðinni fram til ársins 2025²*. Skýrslan, sem formlega var kynnt með fréttatilkynningu 14. janúar 2020, hefur að geyma yfirlit yfir þróun starfstöðva stofnana á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í framhaldi sett fram sameiginleg stefna og áætlun um styrkingu starfsemi þeirra á landsbyggðinni. Í framhaldi af skýrslunni var settur á fót stýrihópur ráðuneytisins og forstöðumanna stofnana ráðuneytisins sem falið er að tryggja framkvæmd áætlunarinnar. Árlega verður metinn árangur af framkvæmd áætlunarinnar og upplýsingarnar settar fram í ársskýrslu ráðherra, fyrst árið 2021. Þá verður farið yfir þróun starfsemi Matís ohf. á landsbyggðinni á vettvangi stjórnar félagsins.

Fyrirnefnd skýrsla var unnin að undirlagi **minnisblaðs sem forsætisráðherra lagði fram í ríkisstjórn 4. október 2019**, þar sem ráðherrar voru hvattir sérstaklega til að kanna hvort þær

¹ <https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>

² https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/r04jost_27.11.2019_09-08-56.pdf

stofnanir sem ráðuneyti áformi að setja á laggirnar geti verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins. Aðrir ráðherrar hafa ekki sett fram markmiðssetta áætlun í þessu máli líkt og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Skrifstofa sveitarstjórnar og byggðamála í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sinnir stefnumörkun og framkvæmd ýmissa laga og reglna sem varða sveitarstjórnarmál. Skrifstofan er reiðubúin til að aðstoða sveitarfélög eins og Stykkishólmsbæ við að sækja opinber störf sem auðveldlega má sinna utan höfuðborgarsvæðisins.

Miklu skiptir að bæjaryfirvöld í Stykkishólmi hvetji einstaka ráðherra og forstöðumenn opinberra stofnana að auglýsa störf án staðsetningar og hvetji ráðherra til að færa störf af höfuðborgarsvæðinu til Stykkishólms sem augljóslega er hægt að sinna þar.